

Skólanefndarfundur 12. júní 2019

Mættir: Helga Kristín Björgólfsdóttir, Ágústa Elín Ingbórsdóttir skólameistari FVA, Hjördís Garðarsdóttir, Hjördís Hjartardóttir, Guðjón Snær Magnússon formaður NFFA, Dröfn Guðmundsdóttir fulltrúi kennara, Dröfn Viðarsdóttir aðstoðarskólameistari sem ritar fundargerð.

**Fundarefni:**

Skólanámskrá

Önnur mál

Ágústa bauð fundarmenn velkomna.

**Skólanámskrá:**

Dröfn fór yfir drög að nýrri skólanámskrá. Drögin höfðu verið samþykkt á skólafundi.

Gerð var athugasemd við lið 4.3 í heimavistarreglum um að nemandi eldri en 18 ára þurfi ekki leyfi heldur aðeins að tilkynna. Umræða var um orðalag um nemendur með íslensku sem annað tungumál eða íslensku sem annað mál.

Þar sem ekki allir fundarmenn höfðu fengið fundargögn send telst skólanámskrá samþykkt með breytingum á lið 4.3 í heimavistareglum og þeim fyrirvara að fundarmenn hafi ekki sent athugasemdir innan viku. Komi athugasemdir verða þær sendar öðrum fundarmönnum til samþykktar.

**Önnur mál**

Ágústa sagði frá stöðu mála í samningaviðræðum um nýjan stofnanasamning. Kom fram að beðið er eftir tillögum frá kennurum.

Beiðni kom frá formanni skólanefndar um umræðu varðandi umsókn skólameistara um nýja stöðu, fram kom að ekki væri hægt að ræða málið að svo stöddu.

Ágústa sagði frá stöðu innritunar.